

Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgarstjórnarfundir hefjist kl. 9.

Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2018 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til meðferðar forsætisnefndar:

Lagt er til að borgarstjórnarfundir hefjist kl. 9.00 fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði í stað kl. 14.00. Eins og ljóst er orðið þá eru borgarstjórnarfundir langir fundir og vara oft í allt að 10 tíma og jafnvel meira. Undir kvöld eru borgarfulltrúar orðnir þreyttir og einbeitingin farin að minnka.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er fjallaðu um fundi borgarstjórnar í 8. gr. Þar kemur fram að borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14:00.

Ef borgarstjórn ákveður að gera breytingar á fundartíma borgarstjórnar til frambúðar þarf að láta vinna breytingu á samþykktinni og taka hana til umræðu tvisvar sinnum í borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Að sama skapi er minnt á að allur undirbúningur fyrir borgarráð og boðun þeirra funda fer fram á skrifstofu borgarstjórnar á þriðjudagsmorgnum og yrði því nauðsynlegt að skoða tímasetningu og fyrirkomulag þeirra funda samhliða slíkri breytingu.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

